

8. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands haldinn fimmtudaginn 2. desember 2010 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Fundurinn hófst kl. 17.00

Mætt: Sigurjón, Kári, Birgir og Gry. Guðjón tók þátt í hluta af fundinum gegnum síma. Auðunn boðaðið forföll.

Þetta gerðist:

1. fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. val á íþróttamanni og –konu ársins.  
Stjórnin ákvað að tilnefna Auðunn Jónsson, Breiðablik og Maríu Guðsteinsdóttur, Ármanni íþróttamann og –konu ársins.  
**Aðgerð:** **Gry** sér um framkvæmd
3. Umsóknir um styrki úr sjóðum ÍSI. Umsóknarfrestur er 10. desember.  
**Aðgerð:** **Kári** er með málið og sér til þess að sótt verður um styrki í okkar verkefni.
4. Þátttaka landsliða á alþjóðamótum 2011.  
Ákveðið að stefna að þátttöku Íslands á mótum í öllum aldursflokkum á árinu.  
**Aðgerð:** landsliðsnefndin er með málið
5. Ársþing KRAFT 2011.  
Ákveðið var að halda þingið í tengslum við Íslandsmótið í bekkpressu 29. janúar á Akranesi. Þingið hefst kl. 17.00. Á þinginu verða afhent verðlaun til heiðurs Kraftlyftingafélags ársins 2010 og til kraftlyftingamanns og –konu ársins.  
**Aðgerð:** **Gry** auglýsir dagsetningu á kraft.is og byrjar að undirbúa þingstörfin.  
**Birgir** útvegar heiðursverðlaunin.
6. Formannafundur.  
Ákveðið var að boða til fundar með formönnum félaga í upphafi árs, t.d. 5 eða 6. janúar  
**Aðgerð:** **Sigurjón** hefur samband við formenn og finnur heppilega dagsetningu.
7. Íslandsmótið í réttstöðulyftu  
Stjórn KRAFT mun aðstoða hinni nýstofnuðu kraftlyftingadeild UMF Selfoss með framkvæmd mótsins.  
**Aðgerð:** **Sigurjón, Guðjón og Birgir** fara á Selfoss og aðstoða við að setja upp mótið.  
**Gry** útbýr öll skjöl og aðgangsmarki fyrir keppendur og aðstoðarmenn.
8. Skráning í Felix.  
Upplýst var á nú á að vera búið að skrá alla félagsmenn.
9. Starfsskýrslur og ársreikningar félaga.  
**Aðgerð:** **Gry** athugar með skilafresti og leiðbeiningar um þessi gögn og upplýsir félögin.

10. Breytingar á reglugerðum.

Fram komu tillögur um breytingar á reglugerðum. Ákveðið var að bíða með þær að sinni og taka þær fyrir á þingi í janúar.

11. Samstarf við kraftlyftingafélög í Noregi.

Ákveðið var að leita samstarfs við norsk félög um þátttöku íslenskra unglunga á æfingarmótum þeirra.

**Aðgerð:** Gry vinnur með málið og kynnir niðurstöður á næsta fundi.

12. Auglýsingar.

Ákveðið var að láta útbúa stórt baktjald til að hafa á pallinum á mótum KRAFT. Á tjaldinu má gera ráð fyrir auglýsingum styrktaraðila

**Aðgerð:** Guðjóni falið að kanna málið

13. Önnur mál

- ákveðið var að útbúa heiðursskjal handa Herði Magnússyni í tilefni af fimmtugsafmæli hans.

**Aðgerð:** Birgir tekur það að sér.

- goodlift kerfið er komið til landsins. Um leið og greiðsla hefur gengið í gegn fáum við aðgangsslykil og getum tekið það í notkun.

**Aðgerð:** Kári er með málið

- tvö agamál voru rædd og viðbrögð ákveðin

**Aðgerð:** Sigurjóni falið að taka á málunum

Ekkert fleira gert.